



Fossbúar eru líkt og fjölmargir í Árborg búnir að flagga regnbogafánanum. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Fögnum fjölbreytileikanum

Hinseginvika Árborgar her nú í fullum gangi og það gefur auga leið að mikil samheldni ríkir innan sveitarfélagsins í þessu þarfa átaki. Fyrr í vikunni var boðið upp á hinseginfræðslu með Hugrúnu Vignisdóttur sálfræðing á Teams og í dag klukkan 17 ætla Anna Sigríður Þráins-

dóttir, málfráðunautur RÚV, að mæta í bókasafn Árborgar á Selfossi og fræða forvitna gesti um hinsegin málfráð og nýyrði í íslensku nútímasamfélagi. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir taka virkan þátt og sýna alla liti regnbogans. Sem dæmi má nefna að strákarnir í GK Bakaríi bjóða upp á regnbog-

arúllutertu sem engin ættu að láta framhjá sér fara. Miðbar og Sviðið standa fyrir frábærri hinsegin dagskrá, kíkíóki, tónleikum og dragsýningu svo fátt eitt sé nefnt svo öll ættu að geta fundið sér eitthvað hinsegin og skemmtilegt að gera í vikunni.

HGL



Tónlistarskóli Árnesinga hlýtur Menntaverðlaun Suðurlands 2022

Á hátiðarfundum Vísinda- og Rannsóknarsjóðs Suðurlands í sal Fjölbrotaskóla Suðurlands þann 12. janúar 2023, var tilkynnt að Tónlistarskóli Árnesinga hefði hlotið Menntaverðlaun Suðurlands 2022, en nýu tilnefningar bárust um menntaverðlaunin að þessu sinni.

Það var með miklu stolti sem skólastjórnendur Tónlistarskóla Árnesinga tóku við verðlaunum, úr hendi forseta Íslands.

Á viðurkenningaskjali stendur eftirfarandi:

„Menntaverðlaun Suðurlands 2022 hlýtur Tónlistarskóli Árnesinga fyrir að mennta nem-



endur sína á starfstöðvum víða í Árnæssýslu og efla þá í að koma fram á hinum ýmsu viðburðum skólans. Verðlaunin eru einnig veitt fyrir kynningu kennara skólans á fjölbreyttum hljóðfærum fyrir nemendur grunnskóla í Árnæssýslu á hverju vori. Með starfi sínu leggur Tónlistarskóli Árnesinga grunn að öflugum menningarstarfi í Árnæssýslu allri.“

Hátiðarfundurinn hófst með tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Árnesinga, en flytjendur voru Hugrún Birna Hjaltadóttir, Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir og Einar Bjartur Egilsson.



Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656





Kakóbolli í kuldunum!

Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



PARKETSLÍPUN OG LAGNIR Á SUÐURLANDI

Slípunin er 99% rykfrí og eingöngu er notast við hágæða lökk og slípivörur.

Gerum föst tilboð eða fermetraverð.

Gólf list
Parketlagningar og viðhald

Sími 690 5115

Hrós vikunnar

Rebekka Kristinsdóttir

er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Rebekka Kristinsdóttir

Ég þakka kærlega fyrir tilnefninguna. Mér finnst mikilvægt að fólk sé dulegt að hrósa hvoru öðru. Maður veit aldrei hvenær fólk er að eiga slæman dag og þá getur hrós gert gæfumuninn.

Rebekka Kristinsdóttir

Mig langar að hrósa handboltalandsliðinu okkar fyrir góða skemmtun á heimsmeistaramótinu. Þó sumir leikir fara ekki alltaf eins og við viljum, þá bjóða þeir alltaf upp góða skemmtun fyrir landsmenn og ekki er það verra að hafa svona marga Selfyssinga í liðinu :)

Rebekka Kristinsdóttir

Ég skora á jákvæðustu vinkonu mína, Katrínu Þrastardóttur, að koma með næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Níu teymi valin inn í viðskiptahraðallinn Sóknarfæri í nýsköpun

Þann 23. janúar nk. hefjast Sóknarfæri í nýsköpun sem er átta vikna sunnlenskur viðskiptahraðall þar sem áhersla er lögð á verkefni sem tengjast orku, mat og líftækni, ferðaþjónustu og skapandi greinum. Auglýst var eftir þátttakendum í desember og voru á endanum valin níu teymi til þátttöku.

Þau eru eftirtalin:

Auður allt árið - Umhverfis- og menningarupplifun

Verkefnið snýst um móttöku hópa og viðburðahald í umhverfis- og menningarupplifun í Árborg unnið í samvinnu fyrirtækja og einstaklinga á sviði menningar, lista og umhverfismála.

Bali - sálfræðimeðferð með hestum

Verkefninu er ætlað að tvínnu saman sálfræði með hestum, íslenskt náttúra í heilsutengt ferðaþjónustu úrræði. Verkefnið er ungt og framundan er spennandi vörupróun og markaðsvinna.

Eden

Eden er gagnadrifin ræktun á hágæða grænmeti til heildsölu. Með nútíma tækni ræktum við næringaríkara grænmeti, óháð jarðvarma og spörum 90% CO2 miðað við innflutta vöru. Eden sýnir ábyrgð í orkunýtingu, með nákvæmum umhverfisstýringum og einangruðum ræktunarymum drögum við úr orkuþörf ræktunar um 60% ásamt því að auka verulega uppskeru og gæði hennar.

Haugtgildi - Menning er matarkista

Haugtgildi er haust- og uppskeruhátið sem haldin er á Stokkseyri fyrstu helgi í september. Þar leiða saman hugðarefni sín framleiðendur menningar,

matvæla og allrahandi framleiðslu. Samvinna þvert yfir öll svið er undirstaða hátíðarinnar í nútíð og framtíð.

Kambey hlýjuhof - andrými foreldra

Kambey hlýjuhof verður samfélag foreldra í raunheimum sem hlúir að, tengir og fræðir verðandi og núverandi foreldra og gerir þau betur í stakk búin til að huga að sjálfum sér og fjölskyldunni.

Staðbundið - Ull og strá

Rannsókn á möguleikum þess að fullvinna tvo vannýtta sjálfbæra staðbundna efniviði úr nærumhverfi í nýtilegt hráefni til vöru og húsgagnaframleiðslu.

V.I.T

Í mannlegum samskiptum skipta líkamleg tjáning og svipbrigði stóran sess í túlkun skilaboða því er mikilvægt fyrir fyrirtæki að hafa aðgang að þjónustu sem útvegar spjallmenni með þriddar holdgervingi til þess þess að virkja alla þætti mannlegra samskipta. Markmið V.I.T. ehf er að hanna og útfæra slíkan hugbúnað.

Vínékran Vínland

Verkefnið snýst um vínarækt í gróðurhúsum, freyðivinsgerð og vínékru upplifun með leiðsögn. Þar verður einnig að finna veitingastað fyrir einstaklinga, hópa og viðburði og Spa með vinotherapy og vínbaði, ásamt afslökunarlaug í upphituðu gróðurhúsi.

Vínstofa Friðheima

Vínstofa Friðheima er allt í senn kaffihús, vínstofa og viðburðahald fyrir gesti og gangandi ásamt því að vera vinnustofa og fundaraðstaða fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Viðskiptahraðallinn er sérhannaður með þarfir teymanna sem taka þátt í huga og hafa þau þannig áhrif á þá fræðslu sem stendur þeim til boða. Hraðlinum er stýrt af Svövu Björk Ólafsdóttur stofnanda RATA en hún hefur jafnframt haldið utan um viðskiptahraðla á vegum Norðanátts sem hafa hlotið mikið lof. Á meðan á hraðlinum stendur fá teymin fræðslu, vinnustofur og tækifæri til að efla tengslanetið sitt. Hornsteinn hraðalsins eru svo fundir teymanna með reyndum aðilum úr viðskiptalífnum sem mynda net mentora á Suðurlandi, en þar fá teymin tækifæri til að spegla verkefni sín og fá endurgjöf. Hraðallinn fer fram að mestu leyti á netinu en teymin hittast fjórum sinnum meðan á hraðlinum stendur á vinnustofum á völdum stöðum á Suðurlandi. Hraðlinum líkur þann 16. mars með lokaviðburði þar sem teymin kynna verkefni sín og framhald þeirra.

Samstarfsvettvangurinn Sunnanátt stendur að viðskiptahraðlinum en Sunnanátt er hreyfiafl sem vill skapa kraftmikið umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki sem vinna að nýsköpun á Suðurlandi. Að Sunnanátt standa SASS, Háskólafélag Suðurlands, Nýheimar þekkingarsetur, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Kötlusetur, Kirkjubæjarstofa, Markaðsstofa Suðurlands, Orkidea og Ölfus Cluster. Auk þess koma að samstarfinu fjölmargir aðilar, svo sem starfsmenn sveitarfélaga og annað áhugafólk um nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu.

Bakhjarlar Sunnanáttar eru SASS, Lóa nýsköpunarsjóður á landsbyggðinni og Orku-, umhverfis- og loftslagsráðuneytið.

Dagskráin/DFS.is mun fylgjast náið með ferðalagi teymanna ásamt því að fjalla um frumkvöðlaumhverfið á Suðurlandi.



MÍMIR NEMENDAFÉLAG

MENNTASKÓLANN AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Vorönnin hjá okkur í Menntaskólanum að Laugarvatni byrjar með stæl, og er mikið um að vera í félagslífinu. Mikil gleði ríkir hjá nemendum að komast loksins á vistina og hitta alla aftur eftir jólafrí og fylgir því mikill spenninngur og ánægja.

Aðalfundur Yggdrasils, hinsegin félags ML var haldinn 3. janúar þar sem kosið var í nýja stjórn.

Ný Stjórn Yggdrasils:

Oddviti: Ásdís Helga

Hálfviti: Rannveig Arna Sigurjónsdóttir

Ritviti: Sjöfn Lovisa Bahner Jónsdóttir

Netviti: Hrafninnna Jónsdóttir

Óskum við nýrri stjórn innilega til hamingju og megi þeim ganga vel í komandi starfi. Fráfarandi stjórn þökkum við fyrir vel unnin störf.



ÞÓRISMÓT

Það hefur verið hefð í fjóldamörg ár að halda Þórismót ML sem er íþróttakeppni milli bekkjanna þar sem hver og einn bekkur safnar stigum. Þórismótið var haldið 9. – 13. janúar þar sem keppt var í 4 íþróttagreinum, blaki, körfubolta, sundi og fótbolta. Mikil gleði og keppnisandi ríkti þessa viku og komu þeir í bekkjunum sem ekki voru að keppa til að horfa á og hvetja sinn bekk. Þetta var hörku keppni milli bekkja en lokaniðurstöður urðu þar að 1. bekkur endaði í 3. sæti með 6 stig, 2. bekkur hreppti silfrið með 9 stig og 3. bekkur sigraði mótið með 11 stig.

Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir og Jóhannes Torfi Torfason



BUXNATILBOÐ Á ÚTSÖLUNNI

ALLAR BUXUR Á 20-50% AFSLÆTTI

GLÆSILEGT ÚRVAL AF KJÓLUM FYRIR ÞORRABLÓTIN
ÚTSÖLUKJÓLAR Á 30-50% AFSLÆTTI

LINDIN
TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Vertu hjartanlega velkomin



Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



Meiraprófsbílstjóri óskast hjá Íslenska gámafélaginu Selfossi

Íslenska Gámafélagið leitar að öflugum meiraprófsbílstjóra í fullt starf á starfsstöð félagsins í Selfossi. Einstaklingurinn þarf að geta byrjað sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Meirapróf (C og/eða CE)
- Íslensku- og/eða enskukunnátta
- Framúrskarandi þjónustuvilji og sveigjanleiki
- Jákvæðni og samskiptahæfni
- Heilsuhraustur
- Réttindi til að aka með tengivagn (CE) er kostur

Íslenska gámafélagið hefur jafnrétti að leiðarljósi og hvetur öll kyn til að sækja um starfið. Umsókn skal fylgja ferilsskrá.

Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2023 og sótt er um starfið á starfsmannasvið@igf.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún, sigrun@igf.is.

**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**

www.gamafelagid.is

577 5757

igf@igf.is

Grunnur að góðu breytingaskeiði

Kvenfélögin fimm sem starfa í uppsveitum Árnessýslu þ.e. Kv. Biskupstunga, Gnúpverja, Grímsneshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiðahrepps ákváðu á haustmánuðum að taka höndum saman og halda sameiginlegan fræðslufund. Ákveðið var að fá Halldóru Skúladóttur markþjálfara og breytingaskeiðsráðgjafa til að koma og halda tímamótafyrirlestur fyrir konur á öllum aldri. Hann verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum fimmtudagskvöldið 26. janúar nk. kl. 20-22, nefnist hann „Grunnur að góðu breytingaskeiði“.

Sveitarfélögin í uppsveitunum starfa saman í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ og hefur það veitt kvenfélögunum styrk til að standa að þessum mikilvæga fræðslufundi. Að auki kemur Hrunamannahreppur til samstarfs við kvenfélagið varðandi þessa kvöldstund í félagsheimilinu þeirra.

Halldóra Skúladóttir mun á fundinum kafa ofan í allt sem tengist þessu óumflýjanlega



skeiði í lífi allra kvenna sem til þessa hefur lítið mátt tala um, hvernig hormónarnir virka, hlutverk þeirra og afleiðingar þegar þeir minnka eða hverfa. Á vefsíðu hennar www.kvennarad.is má meðal annars fræðast um að breytingaskeiðið er eðlilegur hluti af lífi allra kvenna. Það er meira en bara hitakóf og pirringur, margar konur finna fyrir lífs- og hamlandi einkennum sem geta haft áhrif á sambönd, atvinnu, afkomu og framtíðarheilsu. Þær upplifa sig einar og fá oft lítinn skilning eða stuðning. Stundum koma tímabil þar sem konur upplifa eins og þær séu ekki lengur við stýrið á eigin líðan og hamingju, litlir hlutir verða næstum óyfistíganlegir, ótrúlegustu hlutir fara að valda þeim

áhyggjum, streitan magnast, drifkrafturinn hverfur á sama tíma færast doðinn yfir og lífið verður ýmist flatt eða yfirþyrmandi. Á endanum upplifa konur eins og þær séu bara skugginn af sjálfum sér, sjálfstraustið er horfið og sjálfsmyndin farin að molna.

Þetta er dökk lýsing en ef þú tengir við hana eða vilt fræðast betur um þetta óumflýjanlega tímarskeið í lífi allra kvenna, þá bjóða Kvenfélögin í uppsveitum þér og öllum öðrum konum ókeypis aðgang á þennan fræðslufyrirlestur. Vinsamlegast láttu þetta áhugaverða kvöld ekki framhjá þér fara og láttu fréttina berast áfram. Þú ert hjartanlega velkomin.

Kvenfélögin í uppsveitum

Starfsemi Félags eldri borgara á Selfossi

Dagskrá vorannar Félags eldri borgara á Selfossi er komin á skrið eftir jólahlé. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á stundaskrá frá haustönn. Krossgátukaffi er ekki í boði lengur en nýtt í stundaskrá má nefna postulinsmálun og stólaleikfimi. Um miðjan febrúar er áætlað að vera með námskeið í endurminningaskrifum (ritlist) ef næg þátttaka fæst. Kennari verður Guðmundur S. Brynjólfsson rithöfundur með meiru. Nýju stundaskrána er að finna á heimasíðu félagsins www.febsel.is og facebooksíðu Félags eldri borgara á Selfossi einnig í Dagskránni sem kom út 12. janúar síðastliðinn. Boðið verður uppá 27 viðburði þar af eru 9 sem snúa að hreyfingu. Tímataflan er það þétt að ekki verður hjá komist að einhverjir viðburðir skarist og fólk verður að velja á milli. Styrktaræfingar hafa verið í Selfosshöllinni tvisvar í viku, þriðjudaga og miðvikudaga. Fjöldi þátttakanda hefur farið uppí 80 einstaklinga svo að skipta hefur upp í tvo hópa. Fyrri hópur mætir kl. 09:30 og seinni kl. 10:30.

Á uppskeruhátíð Frístunda- og menningarnefndar Árborgar í lok árs 2022 var þessu íþróttafólki eldri borgara, Heilsuefling 60+, og þjálfara þeirra, Berglindi Elíasdóttur, veitt hvatningarverðlaun fyrir árið 2022. Á fimmtudögum kl. 14:45 er Opið hús sem viðburðarnefnd stýrir. Þar er leitast við að fá einstaklinga til að flytja erindi eða segja frá einu og öðru skemmtilegu og fróðlegu. Einn fimmtudag í mánuði mæta þeir félagar Helgi Hermannsson og Ólafur Bachmann og flytja líflega tónlist.

Tveir leshópar hittast vikulega í Grænumörk, fornsögulestur og öndvegis bókaklúbbur. Sá fyrri er að lesa Brennu- Njáls sögu og hinn bækurnar Snjóblindu og Rof, eftir Ragnar Jónasson. Að loknum lestri í vor fara leshóparnir í vorferð á slóðir sagnanna. Leikhúsnafnd hefur staðið fyrir leikhúsferðum og ferð á Vínartónleika í Hörpu og fleira stendur til á vorönn.



Árshátíðarnefnd efndi til árs- hátíðar, eftir tveggja ára hlé, í byrjun nóvember þar sem mættu um 160 manns. Aðventuhátíð var í byrjun desember, að þessu sinni í Hótel Selfoss þar sem 150 manns tóku þátt. Ferðarnefnd skipuleggur þrjár ferðir næsta sumar og að auki haustferð. Aðalfundur Félags eldri borgara Selfossi verður haldinn fimmtudaginn 23. febrúar 2023 kl. 14:00 í félagsheimilinu Mörk. Hann verður auglýstur þegar nær dregur.

Til að fylgjast með hvað er og verður í gangi á vegum félagsins er gagnlegast að fylgjast með á facebook og heimasíðu félagsins. Félagið er alltaf með auglýsingu í Dagskránni undir liðnum „Félagsstörf“. Þeir sem hafa náð 60 ára aldri geta sótt um félagsaðild á www.febsel.is.

Þórgímur Óli Sigurðsson, formaður Félags eldri borgara Selfossi

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Er hjá mörgum ekki hátt, unga parið heldur brátt. Eru stundum afleit mín, einn í plús er skop og grín.

Svar við gátu í blaði 2683: **BITI**
1. Þverbíti - 2. Matarbíti
3. Biti, fjármark - 4. Selbíti



Guðbjörg Pálsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég vil byrja á að þakka Önnu Mæju fyrir áskorunina en ég kemst seint með tærna þar sem hún hefur hælana! Ég er mjög heppilega gift og er maðurinn minn meiri kokkur svo ég sé frekar um baksturinn á heimilinu. Ég ákvað því í til efni þess að janúarátaki flestra fer senn að ljúka að skella í syndsamlega góðar brownies. Hún er upphaflega frá meistara Evu Laufey en ég hef aðlagð hana aðeins. Ég hef gert þessa oft og er komin með skothelda aðferð.

Syndsamlegar góðar brownies

150 g smjör
250 g suðusúkkulaði
200 g sykur
2 stór egg
100 g hveiti
1 tsk. vanillussykur
1 msk. kakó
140 g hvítt súkkulaði

Best er að byrja á að kveikja á ofninum og stilla hann á 170°C á blástur. Næst er smjör og suðusúkkulaðið brætt saman við vægan hita (kakan er líka góð með smjörliki fyrir þá sem forðast laktósann). Þegar það er bráðið skal kæla blönduna niður, það er lykilatriðið svo hún bræði ekki hvíta súkkulaðið þegar öllu er blandað saman. Egg og sykur eru svo þeytt saman. A meðan beðið er eftir því er gott að mæla

þurrrefnin í skál og saxa hvíta súkkulaðið. Þegar súkkulaðismjörblandan er orðin hæfilega köld og eggin þeytt má blanda öllu út í eggjablönduna og hræra þar til allt er blandað saman, en ekki mikið lengur en það. Einföld uppskrift passar í lítið skúffukökuform en ég tvöfalda hana oftast og set restina í frystinn (mæli þá með að skera þær í bita fyrst). Best er að setja bökunarpappír í botninn áður en deigið er sett í. Þegar deigið er komið í er formið sett í miðjan ofninn og klukkan stillt á 30 mínútur og sett af stað. Þegar klukkan pipir er kakan tekin út. Hún lítur út fyrir að þurfa lengri tíma en svo er ekki. Leyfið henni að kólna aðeins, hún mun falla aðeins en það er allt partur af programminu. Ég mæli með að bera hana fram með vanilluís eða rjóma. Njótið!

Ég vil skora á ofurkonuna og góðvinkonu mína Írisi Bachmann Haraldsdóttur að koma með einhverja skemmtilega uppskrift í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Framlenging leigusamnings um Fjölheima

Á dögunum undirrituðu Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands og Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar, framlengingu á leigusamningi félagsins við sveitarfélagið um þekkingarsamfélagið Fjölheima, en HfSu hefur síðast liðin 10 ár rekið Fjölheima í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands.

Síðustu 10 ár hafa sýnt að starfsemi lík því sem fram fer í Fjölheimum er samfélaginu ómetanleg. Staður þar sem fólk getur komið saman í námi og starfi, eflt sig sem einstaklinga og fengið stuðning við að finna sér farveg og um leið speglað sig í því sem aðrir eru að gera, hvort sem um er að ræða nemendur, frumkvöðla, atvinnurekendur eða bara áhugasama íbúa.

Við þessi tímamót ætla aðstandendur félaganna ásamt fulltrúum Árborgar að hefja vinnu við mótun framtíðar og framþróun Fjölheima og skoða leiðir til að efla það og bæta enn frekar, samfélaginu öllu til heilla.



Á myndinni er auk Fjólu og Ingunnar, Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs Árborgar. Mynd: Háskólafélag Suðurlands.

Háskólafélagið veitti þrjá rannsóknarstyrki

Þann 12. janúar fór fram hátiðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands fyrir árið 2022. Fundurinn var nú, í fyrsta skipti eftir Covid, haldinn með hefðbundnum hætti í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands. Meginefni fundarins var að úthluta styrkjum til rannsóknarstarfs á Suðurlandi.

Til úthlutunar voru að þessu sinni 1.600.000 kr. og úr þeim fimm umsóknum sem bárust var ákveðið að skipta styrknum milli þeirra Önnu Selbann, Huguðar Hannesdóttur og Birnu Lárusdóttur og verkefna

þeirra. Sveinn Aðalsteinsson formaður stjórnar kynnti niðurstöður úthlutunar og Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson afhenti styrkina.

Ákveðin tímamót áttu sér einnig stað þegar framkvæmdastjóri Fræðslunetsins, Eyjólfur Sturlaugsson færði alla umsókn og umsýslu með sjóðnum yfir til Ingunnar Jónsdóttur framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands en félagið hefur verið samstarfsaðili Fræðslunetsins um sjóðinn frá árinu 2010.

Háskólafélag Suðurlands



óskar styrkþegum innilega til hamingju með styrkina og þakkar öllum þeim fjölmörgu bakhjörum á Suðurlandi sem standa að sjóðnum fyrir stuðninginn í gegnum árin.

Kostnaður við framboðin í Hveragerði 2022

Árið 2017 beitti undirritaður sér fyrir því að reglur um styrki til stjórnmálasamtaka í Hveragerði yrðu breytt svo að upplýsingar um ársreikninga þeirra og kostnað við framboð til sveitarstjórnarkosninga yrðu birtar á opinberum vettvangi. Tilgangurinn var ekki síst að auka gagnsæi í stjórnsýslu bæjarins og til að íbúar geti fylgst með rekstri og fjárveitingum til stjórnmálasamtaka sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn hverju sinni.

Birting upplýsinga

Árið 2018 reyndi í fyrsta skipti á þessi ákvæði um birtingu fjárhagsupplýsinga stjórnmálasamtaka í Hveragerði. Misjafnt var hvernig stjórnmálasamtökunum gekk að uppfylla skilyrðin til að byrja með. Þannig birti Sjálfstæðisflokkurinn í Hveragerði ekki ársreikning fyrir árið 2018 eða kostnað við framboð í sveitarstjórnarkosningum 2018 fyrr en í febrúar 2020 (21 mán-

uði eftir kosningar) og það ekki fyrr en eftir að undirritaður hafði lagt fram fyrirspurn í bæjarstjórn um málið. Frá árinu 2020 hafa stjórnmálasamtök í Hveragerði, sem fulltrúa hafa átt í bæjarstjórn, fylgt reglunum að fullu sem er afar ánægjulegt að sjá.

Sveitarstjórnarkosningar 2022

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 14. maí 2022. Þrjú framboð buðu fram í Hveragerði og urðu úrslitin þau að Okkar Hveragerði fékk 39,6% atkvæða og þrjá bæjarfulltrúa, Sjálfstæðisflokkurinn 32,8% og tvo bæjarfulltrúa og Framsókn 27,5% og tvo bæjarfulltrúa. Okkar Hveragerði og Framsókn mynda nú meirihluta í bæjarstjórn Hveragerðis.

Upplýsingar um kostnað vegna framboðs til sveitarstjórnarkosninga í Hveragerði voru birtar af Sjálfstæðisflokknum þann 1. september 2022, Okkar Hveragerði birti upplýsingar 17.

Njörður Sigurðsson

Bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis

október 2022 og Framsókn þann 30. desember 2022. Samtals var kostnaður framboðanna þriggja vegna sveitarstjórnarkosninganna kr. 5.230.957. Eins og í fyrri kosningum var kostnaður Sjálfstæðisflokksins hæstur og var hann árið 2022 kr. 2.325.754. Kostnaður Framsóknar var næsthæstur kr. 1.466.715 og kostnaður Okkar Hveragerðis lægstur kr. 1.436.466. Ef skoðaður er kostnaður framboðanna á hvern bæjarfulltrúa er hann svona:

- Okkar Hveragerði (3 fulltrúar): 478.822 kr.
- Framsókn: (2 fulltrúar): 733.358 kr.
- Sjálfstæðisflokkurinn (2 fulltrúar): 1.162.877 kr.



Innritun í grunnskóla skólaárið 2023–2024

Innritun barna sem eru fædd árið 2017 og eiga að hefja skólagöngu í Sveitarfélaginu Árborg haustið 2023 fer fram á arborg.is/Mín_Árborg til 20. febrúar næstkomandi. Einnig er hægt að skrá börnin í mótuneyti á Mín Árborg. Skráning í frístund fer fram á skráningarvefnum <https://fristund.vala.is/umsokn>

Upplýsingar um skólahverfi hvers skóla er að finna á www.arborg.is.

Upplýsingar um innritun er hægt að fá í grunnskólunum og hjá þjónustuveri Árborgar (480 1900).

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Stekkjaskóli, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli

SVÆÐISSKIPULAG SUÐURHÁLENDISINS

- TILLAGA TIL KYNNINGAR

Svæðisskipulagsnefnd Suðurrhálandis vinnur nú að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálandið sem nær til hálandisluta eftirtalinna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpsverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þeirra taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlaða og framkvæmda hefur svæðisskipulagsnefnd tekið ákvörðun um að kynna tillögu að svæðisskipulagi á vinnslustigi, ásamt umhverfismatsskýrslu. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurrhálandi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins.

Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er mótun framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir Suðurrhálandið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu.

Greinargerð til kynningar ásamt umhverfisskýrslu má finna á vef SASS, <https://www.sass.is/sudurhalendi/> undir „Vinnslutillaga“.

Þau sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir um vinnslutillöguna geta komið þeim til svæðisskipulagsnefndar á netfangið sudurhalendi@sass.is.

Frestur til athugasemda er gefinn til og með 12. febrúar 2023.

Endanleg tillaga verður kynnt almenningi með formlegum hætti og auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurrhálandis

BR Flutningar óska eftir bílstjóra í fullt starf til aksturs á sendibífreið á milli Selfoss og Reykjavíkur.

BR Flutningar bjóða upp á daglegar ferðir: Selfoss, Reykjavík, Suðurland fyrir og eftir hádegi alla virka daga.

Meirapróf er kostur en ekki skilyrði.

Tekið er við umsóknum á tölvupósti:

brflutteh@icloud.com

Nánari upplýsingar í

síma 664-2129

- Óli Ágústsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar okkar ástkæru,

Guðbjargar Þórunnar

Gestsdóttir,

Stekkholti 13, Selfossi



Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun, hlýju og alúð í garð Guðbjargar og fjölskyldunnar.

Práinn Elíasson

Helga Ingibjörg Práinsdóttir

Elías Práinsson

Gestur Már Práinsson

ömmubörn og langömmubörn

Erna Jóhannesdóttir
María Katrín Fernandez

Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um páska 2023



Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 5. apríl - 12. apríl 2023.

Umsóknarfrestur er frá 18. janúar til 15. febrúar nk.

Sótt er um á Orlofssíðu Bárunnar, hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss eða í síma 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 17. febrúar nk.

Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikudvöl í bústöðunum og fyrir íbúð á Akureyri er 22.000 kr. (24 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Íbúðinni í Sóltúni 28, Rvk. er ekki úthlutað heldur verður hún í sveigjanlegri leigu eins og ávallt.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss - sími 480 5000
baran@baran.is - https://www.baran.is

Það er alveg frábær tilfinning að uppgötva eitthvað nýtt

segir lestrarhesturinn Ragnhildur H Sigurðardóttir

Ragnhildur H Sigurðardóttir er vistfræðingur og bóndi. Hún er með doktorspróf frá Yale háskóla í Bandaríkjunum og er sjálfstætt starfandi vísindamaður. Hennar helstu umfjöllunarefni eru samspil manns og náttúru á Íslandi síðustu 3-400 ár. Ragnhildur hefur ásamt fjölskyldu sinni ræktað íslenska fjárhundinn í átján ár og hesta töluvert lengur. Helstu áhugamál þar fyrir utan tengjast þróunaskap og öðru handverki. Á heimili Ragnhildar er næstum allt laust veggjaplass hlaðið af bókum og nýverið þurfti þriðjungurinn af eldhúsinnréttingunni að vikja fyrir nýjum bókahillum.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Á borðinu hjá mér er stafl af þróunabókum og tímaritum sem ég er að lesa og um það bil 20 kíló af fræðibókum sem ég burðaðist með frá vistfræðiráðstefnu í Skotlandi korter fyrir jól. Þess á milli er ég að lesa vísindaskáldsögur á Kindlinum mínum.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég les nánast aldrei aðrar skáldsögur en vísindaskáldsögur og þá einungis í símanum til að spara veggjaplass heima hjá mér. Veggirnir eru fráteknir fyrir fræðibækur, sagnfræðilegar bækur (og þá helst frumheimildir) og þróunabækur. Ég á að mínu mati alveg frábært bókasafn og á það til að sökkva mér svo rækilega niður í einhverjar skræður að ég svara hvorki síma né pósti

dögum saman. Það er alveg frábær tilfinning að uppgötva eitthvað nýtt, skapa tengingar og sjá hluti í nýju ljósi.

Ertu alin upp við bóklestur?

Ég var ekki alin upp við að lesið væri fyrir mig nema þegar ég var veik eða þegar ég fékk systur mína til að lesa Grimms ævintýrin. Ég las mig oft í svefn sem barn og sofnaði með bókina á nefinu.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég les nánast allan tímann þegar ég er ekki að þróna eða vinna á tölvuna. Ég er alveg hætt að vera óþolinmód og finnst það í raun alveg frábært ef ég næ að biða nægilega lengi í röð á pósthúsinu, í matvöruhúði eða á biðstofu, að ég nái að klára heilan kafla í Kindlinum mínum í símanum. Þegar ég fer að sofa þá stilli ég símann á lægsta birtustig og les þangað til að ég stend sjálfa mig að því að lesa sömu blaðsíðuna þrisvar og legg þá símann frá mér. Þegar þetta er skrifað þá hef ég lesið 233 vikur í röð í kindlinum og af þeim eru sennilega einungis tíu til fimmtán dagar sem ekkert hefur verið lesið. Til þess að trufla mig ekki við lesturinn þá hef ég enga samfélagsmiðla eða leiki á símanum.

Ég les nánast aldrei aðrar skáldsögur en vísindaskáldsögur og þá einungis í símanum til að spara veggjaplass heima hjá mér. Veggirnir eru fráteknir fyrir fræðibækur, sagnfræðilegar bækur (og þá helst frumheimildir) og þróunabækur. Ég á að mínu mati alveg frábært bókasafn og á það til að sökkva mér svo rækilega niður í einhverjar skræður að ég svara hvorki síma né pósti

Áttu þér einhvern uppáhalds höfund?

Nei, aðallega vegna þess að það er enginn rithöfundur sem ég hef uppgötvað sem kemst



yfir að skrifa jafn hratt og ég les. Ég þarf alltaf reglulega að uppgötva nýjan höfund og les þá allt sem viðkomandi hefur skrifað í einum rykk.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Klárlega og þá vísa ég til svarsins hér fyrir ofan um lestrarvenjur.

En hvernig bók myndir þú sjálf skrifa sem rithöfundur?

Sögulega skáldsögu þar sem viðfangsefnið væri sett í raunverulegar umhverfislegar aðstæður á þeim tíma sem sagan ætti að gerast. Þær bækur sem ég hef unnið að eru allar fræðibækur ritaðar á ensku, nema ein sem núna er í vinnslu.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Ózúr Snorrason
jonozur@gmail.com

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða starfsmann að starfstöð sinni á Tumastöðum Fljótshlíð við stiklingarækt á ösp og ýmis fjölbreytt verkefni við skógrækt og skógarumhirðu. Þetta er framtíðarstarf á þjóðskógasviði með starfstöð á Tumastöðum. Viðkomandi þarf helst að hefja störf í mars. Umsóknarfrestur er til 10. febrúar.

Helstu verkefni:

- Vinna við stiklingarækt á ösp í gróðurhúsi og á útisvæði
- Þátttaka í skipulagi, framkvæmd, úttektum og skýrslugerð vegna grísjunar- og gróðursetningarverkefna
- Ýmis störf við úrvinnslu á viðarafurðum
- Ýmis viðhaldsverkefni tengd vinnuvélum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Próf í skógtækni, garðyrkju eða skógræði æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta æskileg
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Þekking á viðhaldi véla
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

NÁNAR Á



skogur.is/atvinna



Hinseginvika ML 2022 og ný stjórn Yggdrasils

Hinseginfélagið Yggdrasill hélt hinseginviku 31. október – 4. nóvember 2022. Dagskrá vikunnar hófst með vel heppnuðu föndurkvöldi þar sem nemendur föndruðu skreytingar fyrir hinseginvikuna sem voru síðan hengdar upp í skólanum. Svo var efnt til regnbogadags þar sem nemendur mættu í litríkum fötum og þeir skoruðu á kennara sína að stíga út fyrir þægindarammann og mæta í DRAGi. Einnig var haldið biókvöldi í N-stofu og sýnd var myndin The Rocky Horror Picture Show. Hinseginvikunni lauk svo með fyrirlestri frá kynjafræðingnum Rannveigu Ágústu Guðjónsdóttur og svo kölluðu „forréttindabingó“ sem fjallaði um það hvernig siskynja og gagnkynhneigt fólk getur stutt

við bakið á hinsegin fólki.

Á Instagram-síðu Yggdrasils má sjá myndir frá vikunni (í „highlights“) kennurum í DRAGi brá fyrir á Facebook-síðu ML.

Ný stjórn hinseginfélagsins tekur nú við:

Oddviti: Ásdís Helga
Hálfviti: Rannveig Arna

Ritviti: Sjöfn Lovísa
Netviti: Hrafninnna

Fráfarandi stjórn eru þökkðu vel unnin störf: Sólveig Lilja (oddviti), Helga Mjöll (hálfviti), Jade Jóhanna (netviti) og Sóley (ritviti).

Freyja Rós, jafnréttisfulltrúi ML



Sunnlenskur bóndi sviptur vörslu búfjár

Matvælastofnun hefur svipt bónda á Suðurlandi vörslum allra gripa sinna.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að sviptingin hafi komið til þar sem enginn fékkst til þess að sjá um gripina í fjarveru bóndans vegna veikinda og byggist á lagaheimild um dýravelferð sem á við þegar úrbætur þola ekki bið.

Í tilkynningunni segir að það hafi verið mat stofnunarinnar að ekki hafi verið hægt að biða með aðgerðir þar sem dýrin höfðu hvorki aðgang að vatni né fôðri. Nautgripir og hross voru send til slátrunar en sauðfé og hænur aflífuð og þeim fargað.



Í HVERAGERÐI

Efling stéttarfélag hefur opnað aftur skrifstofuna í Hveragerði að Breiðumörk 19. Skrifstofan verður opin á miðvikudögum frá kl 09:00 til 15:00. Við bjóðum félagsfólk okkar á Suðurlandi velkomið til að nýta sér aðstoðina.

English: Efling union has reopened the office in Hveragerði at Breiðumörk 19 from 09:00 to 15:00 on Wednesdays. We welcome our members in Hveragerði and nearby to come by and get assistance with union related matters.

Polski: Biuro Eflingu przy Breiðamörk 19 w Hveragerði zostało ponownie otwarte, godziny urzędowania: środy w godzinach 09:00 – 15:00. Wszystkich członków Eflingu zamieszkałych w okolicach zapraszamy do odwiedzenia biura.

EFLING

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Við erum öll jafn mikilvæg

Um þessar mundir er Árborg lituð regnbogalitum vegna hinsegin viku sveitarfélagsins sem fer fram í þessari viku. Við tókum Dagbjörtu Harðardóttur, forsvarskonu hinsegin vikunnar á tal og fengum að vita hvernig vikan fer af stað.

„Viðtökurnar eru algjörlega frábærar og fara fram úr öllum væntingum. Stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu okkar eru öll að taka höndum saman og sveitarfélagið skartar regnbogalitunum hvert sem litið er. Við í forvarnarteymi Árborgar erum í skýjunum með þessi viðbrögð og þökkum kærlega fyrir þau“ segir Dagbjört.

Hinsegin vikan hér í Árborg var haldin í fyrsta sinn í janúar í fyrra og gekk svo vel að ákveðið

var að gera viðburðinn að föst-um lið á hverju ári.

„Það er ýmislegt á döfinni, bókasafnið er með stórskemmtilegan viðburð þar sem mál-farsráðunautur RÚV kemur og fjallar um hinsegin málfar og nýyrði í íslensku nútímasamfélagi. Pakkhúsið ungmennahús verður með hinsegin hittinga bæði mánudag og miðvikudag þar sem hinsegin manneskur 16 ára og eldri geta komið saman. Svipaðir hittingar verða svo í félagsmiðstöðinni Zelsiuz á fimmtudaginn þar sem hinsegin unglingar koma saman. Rísið, Miðbar og Sviðið verða einnig með frábæra dagskrá og GK bakarí er með flottustu regnbogaköku sem sögur fara af til sölu. Það er svo gaman að sjá

hve mörg hafa tekið sig saman og það virðast vera allskyns viðburðir fyrir alla aldurshópa. Við erum einnig með fræðslu inn í grunnskólunum og opna fræðslu sem verður á TEAMS, en sálfræðingurinn Hugrún Vignisdóttir fræðir okkur og fer yfir hugtök hinseginleikans, hvernig við sjáum fyrir okkur kyn og hvers vegna, hún fer líka yfir kynjatvíhyggjuna og margt fleira,“ segir Dagbjört.

Aðspurð hvaðan hugtakið hinsegin komi segir Dagbjört: „Hér á landi hefur orðið hinsegin verið notað sem ákveðið regnhlífarhugtak yfir allt það fólk sem er ekki gagnkynhneigt eða fellur ekki inn í það sem er talið þetta „hefðbundna“ kyn eða kynhlutverk. Hugtakið sameinar




þau sem undir það falla, undir einni regnhlíf. Samnefnarinn er í raun að það sé eitthvað í fari einstaklingsins sem er í andstöðu við það sem samfélagið ætlast til. Orðið á sér myrka sögu og var lengi vel notað sem niðrandi orð og kom fram í tengslum við jaðarsetningu og fordóma. Hinsegin samfélagið velur það sjálft að nota orðið og nær með því að koma orðinu á kortið og endurskilgreina það sem er í raun stórt skref og mikilvægt skref í réttindindabaráttunni. Að halda svona viku er leið til að styðja hinsegin samfélagið og sýna það í verki að hér séu öll jafn mikilvæg og á sama tíma sýnum við

það í verki að baráttan sé baráttu samfélagsins í heild.

Í fyrra lentum við í því að flest allir hinsegin fánarnir okkar voru teknir niður og sumir jafnvel eyðilagðir, þetta voru augljós skemmdarverk. Þetta er litið alvarlegum augum og tilkynnt til lögreglu en sýnir okkur það líka að svona vikur og það að vekja athygli á málaflokknum er mjög mikilvægt og algjörlega nauðsynlegt. Við höldum ótrauð áfram og erum umfram allt þakklát fyrir undirtektirnar frá samfélaginu,“ segir Dagbjört að endingu.

HGL



FSu í 16 liða úrslit Gettu betur

Líð Fjölbrotarskóla Suðurlands tryggði sér sæti í 16 liða úrslitum Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, eftir öruggan sigur á Borgarholtsskóla 26-8.

Fyrir FSu kepptu þau Ásrún

Aldís Hreinsdóttir, Elín Karlsdóttir og Heimir Árni Erlendsson.

Þegar þetta er skrifað hefur viðureign FSu við MH ekki enn farið fram en liðin mættust í gærkvöldi.



Mynd: RÚV/Helga Margrét Höskuldsdóttir

Undirbúa samhæfð viðbrögð við mögulegum flóðum í Ölfusá

Eftir mikla kuldatíð er útlit fyrir snögga hlýnun í lok vikunnar. Í dag fimmtudag er spáð 0 til 13 stiga frosti á Suðurlandi og á morgun föstudag spáir mikilli úrkomu og hita á bilinu 3 til 11 gráður. Gæti þessi hraða og mikla breyting á hitastigi hæglega valdið asahláku og eru líkur á að klakastíflan sem myndast hefur í Ölfusá komi til með að losna og gæti það valdið vandræðum.

Almannavarnarráð Árborgar, starfsmenn Sveitarfélagsins í áhaldahúsi, framkvæmda og veitusviði og viðbragðsaðilar lögreglu, björgunarsveitar og Brunavarna fundaði í morgun.

Efni fundarins var að teikna upp viðbrögð við mögulegum flóðum í Ölfusá, viðbrögð og upplýsingagjöf sem allir fundargestir voru sammála um að skipti íbúa miklu máli.

Kjartan Björnsson, meðlimur í almannavarnarráði Árborgar sagði frá þessu á Facebook-síðu sinni fyrir skemmstu. „Upplýsingar munu verða veittar á heimasíðu Sveitarfélagsins árborg.is. Ítrekað var á fundinum að hann væri undirbúningur og samtal til að samhæfa viðbrögð en ekki vekja ótta íbúa um yfirvofandi hættu en vissulega er óvissa til staðar.

Íbúar eru hvattir til þess að

beita forvörnum í sínu nærumhverfi eins og að losa um niðurföll og losa snjó af þökum og hreinsa klakamyndun af þakköntum sem gætu valdið slysi. En ef flóð yrði þá eru íbúar nálægt ánni hvattir til þess að eiga sandpoka til að setja á niðurföll svo dæmi séu nefnd. Staða verður tekin aftur á fimmtudag þegar betri sýn verður á veður og veðurspá fyrir föstudag og laugardag. Fram kom tillaga þess efnis að setja upp tvær vefmyndavélar um möguleikar kannaðir út frá staðsetningu og kostnaði, þær myndu nýtast bæði viðbragðsaðilum og íbúum.“

-HGL



Mynd: HGL

Framkoma og tjáning í uppbyggilegum hópi

Powertalkdeildin Jóra varð 30 ára á síðastliðnu ári, haldinn var sérstakur afmælisfundur í Hlíðskjálfi þar sem fyrrum forsetum deildarinnar var boðið sem og einstaklingum úr öðrum deildum Powertalk. Einnig var 500. fundur deildarinnar haldinn í nóvember 2022. Okkur langar að bjóða til kynningarfundar mánudaginn 23. janúar í Selinu á Selfossi og byrjar fundurinn kl. 20 og er til kl. 22 svo ef þig langar að þjálfa þig í ræðumennsku

og styrkja þig í framkomu endilega kíktu við. Á kynningarfundum verður hægt að fá innsýn í störf samtakanna. Félagar deildarinnar eru 12 talsins og auðvitað bjóðum við fleiri velkomna. Powertalksamtökin bjóða þjálfun á eigin hraða í fundarstjórn, tímastjórnun, hlustun, fundarsköpum, framkomu í ræðustól sem og tileinkun á nefndar- og embættisstörf innan deildar. Veitingar verða á kynningarfundinum. Öll kyn frá 16 ára aldri velkomin.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga auk tillögu nýrra deiliskipulagsáætlunar.

1. Skálmholt; Huldu- og Maríuhólar; Íbúðabyggð; Deiliskipulag - 2211052

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til íbúðarbyggðar í landi Skálmholts. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarflokkur íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús, geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

2. Úthlíð L167514; VÞ15 Breyttar heimildir; Aðalskipulagsbreyting - 2209074

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2022 að kynna tillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan jarðarinnar Úthlíð. Breytingin snýr að því að hluta verslunar- og þjónustusvæðisins verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Þá verður afmörkun verslunar- og þjónustusvæðisins breytt og byggingarheimildir uppfærðar. Í Úthlíð er mikil frístundabyggð og einnig ýmis konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni er að efla starfsemi og þjónustu í Úthlíð.

3. Hnaus; Hnaus 2; Breytt landnotkun (F16 og F16D); Aðalskipulagsbreyting - 2207019

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytinga sem tekur til Hnauss og Hnauss 2. Breytingin tekur til frístundasvæðanna F16 og F16D sem skilgreind verða sem landbúnaðarland, ásamt hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra lóðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosatö 4 L230715.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. Klif L167134; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2201035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til jarðarinnar Klif í Bláskóga-byggð. Í breytingunni felst að hluti skilgreinds frístundasvæðis er breytt í landbúnaðarsvæði.

5. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting - 2206010

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjaráss veiðihúss í landi Laxárdals. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsuppdætti.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

6. Haukadalur III; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2212020

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til frístundasvæðis og golfvallar í landi Haukadals III. Í skipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins.

7. Skyggvir L197781; Fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2207005

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2023 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggvirs L197781. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.919 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita. Gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir íbúðarhús og bílskur auk þess sem bætt er við heimildum fyrir 6 smáhýsi.

8. Bæjarás; Veiðihús; Deiliskipulag - 2203038

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til veiðihúss að Bæjarási í landi Laxárdals. Innan lóðarinnar er heimilt að byggja allt að 300 fm veiðihús á einni hæð sem þjónar starfsemi tengdri veiðifélagi árinna. Hús sem gestir geta haft tímabundna gistingu í og þegið þá þjónustu sem verður í boði. Heimilt er að leigja út gistingu til ferðamanna allt árið um kring. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi svæðis.

9. Klif í landi Spóastaða; L167134 og L192315; Deiliskipulag - 2202035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Klifs í landi Spóastaða. Skipulagið nær yfir liðlega 2,3 hektara á lögbýlinu Klifi L167134. Á landinu eru nú þegar íbúðarhús og sumarhús (landnúmer L192315). Markmið skipulagsins er að skipta landinu í tvær lóðir þar sem nyrðri lóðin verði lögbýlislóð og syðri lóðin íbúðarhúsalóð. Vegtengingar að lóðunum eru til staðar sem og vatn, rafmagn og rotþrær. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 1-3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 19. janúar 2023 til og með 9. febrúar 2023.

Mál nr. 4 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 19. janúar 2023 með athugasemdafrest til og með 3. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krukus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSEL

er opin fimmtudaginn
19. janúar kl. 13.

OPIÐ HÚS

Fim. 19. janúar kl. 14:45.
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir
hjúkrunarfræðingur flytur
fyrirlestur um öldrun.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrvægi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR



Selfosskirkja

Messað verður í Selfosskirkju
sunnudaginn 22. janúar kl. 11.
Sr. Axel Njarðvík þjónar fyrir altari
og prédikar. Ester Ólafsdóttir
leikur á orgelið og kirkjukór
Selfoss leiðir safnaðarsönginn.
Að messu lokinni er boðið upp á
súpu, brauð og kaffi (gegn 1000
kr. gjaldi).

Sunnudagaskólinn hefst á
sama tíma, kl. 11, í safnaðar-
heimilinu.

Kyrrðarbænastund er alla
miðvikudaga í Selfosskirkju kl.
17 og morgunbænir kl. 9:15 á
þriðjudögum, miðvikudögum og
fimmtudögum.

Þorláksskirkja

Sunnudagurinn 22. janúar.
Guðsþjónusta kl. 20:00. Léttrara
form. Sr. Sigríður Munda Jóns-
dóttir þjónar og Kór Þorlaks- og
Hjallakirkju leiðir safnaðarsöng
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista. Verum öll velkomin til
kirkju.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrvægi 67, Selfossi, 21. janúar.
Bíblíulexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, Harry Guðmundsson
predikar. Verið velkomin.

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn 21.
janúar milli kl. 11:00 og
12:00 á Eyrvægi 15,
Selfossi. Arnar Freyr mætir
og fer yfir málefni sveitar-
stjórnar. Allir velkomnir.

Íþróttir

Fimmtíu keppendur á fyrsta
frjálsíþróttamóti ársins

Aldursflokkamót HSK í
frjálsum 11 - 14 ára var
haldið í Selfosshöllinni sl.
sunnudag, þann 8. janúar. Þetta
var fyrsta mót ársins í frjálsum
þetta árið. 50 keppendur frá
sex aðildarfélögum HSK voru
skraddir til leiks. Sérstaka athygli
vakti að Umf. Hvöt sendi kepp-
endur á mótið, en það hefur ekki
gerst í áratíðir.

Í 11 ára flokki var keppt í
fjórum greinum og þar varð
Kara Kristín Lárusdóttir úr Di-
mon sigursælust, en hún vann
þrjár greinar. Í öðrum flokkum
var keppt í fimm greinum. Í 12
ára flokki vann Magnea Fur-
hjelmm Magnúsdóttir úr Dímon
fjórar greinar. Anna Metta

Óskarsdóttir Selfossi vann fjórar
greinar í 13 ára flokki og Helga
Fjöla Erlendsdóttir Garpi vann
þrjár greinar í 14 ára flokki.

Á mótinu voru í fyrsta skipti
veitt verðlaun fyrir stigahæsta
félag í hverjum aldursflokki
fyrir sig, líkt og gert hefur verið
á Íslandsmótunum undanfarin
ár. Dímon vann stigabikarinn í
11 og 13 ára flokkum og Selfoss
vann í flokkum 12 ára og 14 ára.
Umf. Selfoss vann heildarstiga-
keppni mótsins með 265 stig.
Dímon varð í öðru sæti með 188
stig og Þjóntandi var í því þriðja
með 98 stig.

Heildarúrslit má sjá á www.fri.is. **HSK**



Átján pör á HSK tvímenningi

HSK tvímenningurinn í
Hbridds fór fram í Þingborg
fimmtudaginn 5. janúar sl. og
tóku 18 pör þátt í mótinu.

Spiluð voru 44 spil og eftir
spennandi og skemmtilega
keppni stóðu uppi sem sigurveg-
arar þeir Guðmundur Þ. Gunn-
arsson og Höskuldur Gunnar-
son með 369 stig, Kristján Már

Gunnarsson og Gunnlaugur
Sævarsson urðu í öðru sæti með
354 stig. Jóhann Frimannsson og
Garðar Garðarsson tóku bronsið
með 328 stig, eftir hörku keppni
við Þórð Sigurðsson og Gísla
Þórarinnsson.

Heildarúrslit mótsins má sjá
á www.hsk.is. **HSK**
Myndir: Símon Sveinsson.





Hlynur Friðfinnsson framkvæmdastjóri Friðrikskáfu og Þórir Haraldsson formaður handboltafélagsins handsala samninginn.

Miðbar og Sviðið hýsa HM stofuna á Selfossi

HM stofan á Selfossi verður hýst af Miðbar og Sviðinu en handboltadeild Umf. Selfoss og Friðrikskáfa ehf. sem rekur Sviðið og Miðbar hafa nýverið gert með sér samstarfssamning. „Miðbar er íþróttabær og því kjörið fyrir Selfyssinga og nærsveitunga að koma til okkar og horfa á leiki. Við verðum með allskonar viðburði í kringum HM og sérstakan HM matseðil og tilboð. Allir leikir íslenska landsliðsins verða sýndir í beinni útsendingu á risaskjám á öllum hæðum Friðrikskáfu og við bjóðum öll velkomin á meðan húsrúm leyfir. Hand-

boltadeild Selfoss ætlar að vera með okkur á þessari HM hátíð og munum við fá góða gesti, verða með uppákomur, leiki og fjör af þessu frábæra tilefni. Í framhaldi munum saman við reyna að fanga stemninguna í handboltanum. Sýnum frá útileikjum handboltaliðs Selfoss, upphitun fyrir heimaleiki og margt fleira. Meira um það síðar. Handbolti er stemnings íþrótt og gaman er þegar við fjölmennum og styðjum strákana okkar saman,“ segir Hlynur Friðfinnsson, framkvæmdastjóri Friðrikskáfu. ÁFRAM ÍSLAND!

Hinseginveisla Miðbars og Sviðsins

Í tilefni af hinseginviku Árborgar ætla þau hjá Miðbar og Sviðinu í miðbæ Selfoss sannarlega að sýna lit með heilum helling af hinsegin viðburðum.

„Við á Miðbar fögnum fjölbreytileikanum og hingað eru öll velkomin. Þess vegna fannst okkur við hæfi að nýta tækifærið og gera eitthvað skemmtilegt í tilefni hinseginviku Árborgar. Mér skilst að þetta sé í fyrsta sinn sem það er alvöru full-orðinsdagskrá á þessum dögum. Ég vil einnig nefna að starfsfólk Friðrikskáfu (Miðbar, Sviðið og Rísið) fer á fræðslunámsskeið hjá samtökunum 78 svo við séum nokkuð meðvituð um málefni og baráttumál hinsegin fólks á Íslandi og við getum komið fram við okkar viðskiptavini með virðingu og skilning. Það lá beint við að fá Kiki Queer Bar til þess að hertaka hús Friðrikskáfu sem hýsir Miðbar og Sviðið þessa helgi. Þau á Kiki er alveg yndisleg og voru meira en til í það,“ segir Hlynur Friðfinnsson, framkvæmdastjóri Friðrikskáfu. Kiki Queer Bar er

ekki bara eini opinberi hinsegin skemmtistaður landsins, heldur einn sá allra skemmtilegasti! Dragdrottningar, uppstandarar, plötusnúðar, söngvarar og aðrir listamenn sjá til þess að allir gestir staðarins eigi ógleymanlegar stundir í hvert sinn sem hann er heimsóttur. Öll eru velkomin til að taka þátt í gleðinni, að sjálfsögðu undir formerkjum hinsegin fólks og þeirra kröfu um virðingu og samstöðu. Kiki Queer Bar er staðsettur á efri hæðum Laugavegs 22, þar sem fyrsti hinsegin staður Íslands, ‘22’ og síðar meir Barbara Sunshine var til húsa.

Dagskrá Kiki Queer Bar „TakeOver“ á Miðbar:

Fimmtudagur kl: 21:00 Hljómsveitin Eva verður með fría tónleika. Hljómsveitin samanstendur af tónlistarkonunum og sviðshöfundunum Sigríði Eir Zophoníasardóttur og Völu Höskuldardóttur sem leika kántrískotið feminískt pönk með þýðum og þjóðlegum undirtón. Hljómsveitin Eva er þekkt fyrir töfrandi og líflega framkomu sem kemur áhorf-



endum sífellt á óvart, kitlar hláturtaugarnar og snertir hjörtunum leið.

Föstudagur: KL 21:00 KIKIOKI Daniel sér um hið landsfræga Kiki kárióki sem hefur fengið það lýsandi nafn KIKIOKI. Hlynur lofar dúndrandi stemningu og gleði.

Laugardagur: Á Miðbar kemur einn besti plötusnúður Kiki og mun sjá um að dansgólfið verði yfirfullt af góðu fjöri frá 00-03. Pop, rokk, diskó, gömul klassík og nýjasta tónlistin, allt í dansvænni blöndu.

Á Sviðið kemur hin frábæra Húsdragdrottning Kiki, Faye Knús, ásamt sínu fagra fylgdarliði en það eru drottningarnar Agatha P og Úlla la Delish. Þessum viðburði viljið þið ekki missa af. Með miðanum sem fæst við dyrnar fylgir með vinsælasti drykkur Kiki: „Pussyjuice“.



Umhverfissvottuð prentsmiðja

Stuðningur við skógrækt

Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett

Hrein orka

Tækjakostur lágmarkar orkunotkun

Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna

Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna

Endurnýtanlegt hráefni

Stuðlað að fullnýtingu úrgangs

prentmet heildarlausnir í prentun

Umbúðir

Almenn prentun

Bækur

Limmiðar

Bréfpokar

482 1944 www.prentmetoddi.is

Selfoss, útungunarstöð öflugra handboltakappa

Landslið Íslands lagði Portúgal eftir spennandi fyrsta leik liðsins á heimsmeistar-mótinu í handbolta í Svíþjóð í síðustu viku.

Guðni Th. Jóhannesson var einn fjölmargra Íslendinga sem fylgdist með leiknum og það gerði hann á Möbergi, dvalarheimili á Selfossi og birti eftirfarandi færslu á Facebook-síðu forseta Íslands eftir leikinn.

„Frábær sigur hjá strákunum okkar í kvöld! Ég naut þess að horfa á leikinn með íbúum á Möbergi, dvalarheimilinu góða á Selfossi. Sá bær er mögnuð útungunarstöð öflugra handboltakappa, örugglega nálægt heimsmeti í fjölda landsliðsmanna miðað við fólksfjölda. Lið Íslands bar sorgarband vegna andláts Karls G. Benediktssonar, fyrrverandi leikmanns og landsliðsþjálfara. Blessuð sé minning hans.

Ég þakka íbúum og starfsliði Möbergs gestrisni þeirra og góðvild. Þau senda baráttu-



kveðjur til liðsins okkar úti. Sigurinn í kvöld lofar góðu fyrir framhaldið. Nú er það næsti leikur gegn öflugum Ungverjum á laugardag. Áfram Ísland!“

Selfoss, útungunarstöð öflugra handboltakappa, átti sannarlega miklu að fagna en okkar menn stóðu sig allir með stakri þýði. Bjarki Már var markahæstur Íslendinga með 9/3 mörk og var valinn maður leiksins. Ómar Ingi Magnússon var besti maður vallarins með 8,94 í ein-kunn hjá HBStatz, þar af með 8,99 í sóknareinkunn en hann



skoraði sjö mörk í leiknum og sendi fimm stoðsendingar. Elvar Örn Jónsson var algjör klettur í liðinu en hann skoraði 1 mark og var með 9,27 í varnareinkunn.

Í öðrum leik Íslands á mótinu biðum við lægri hlut með tveggja marka mun gegn Ungverjum eftir að hafa haldið forystu nær allan leikinn. Í þeim leik var Bjarki Már Elísson valinn maður leiksins í annað sinn í röð með 9 mörk. Ómar Ingi Magnússon skoraði 7/4 mörk.

Í þriðja leik Íslands komu strákarnir tvíefldir til leiks eftir tapið gegn Ungverjum þar sem við fögnuðum öruggum sigri á Suður-Kóreumönnum með 38 mörkum gegn 25. Þar var Bjarki Már Elísson með 8/3 mörk og Janus Daði Smárason með 4. Bjarki Már kom sér í hóp sex landsliðsmanna Íslands frá upphafi sem hafa skorað 100 mörk eða meira á heimsmeistaramóti í handbolta með 106 mörk í 22 leikjum en handbolta.is tók saman lista yfir flest skoruð mörk landsliðsmanna og samkvæmt listanum er Bjarki Már með meðaltalið 4,8 sem er það næst hæsta í markaklúbbum á eftir Guðjóni Vali Sigurðssyni sem er með meðaltalið 5,2 eftir 294 mörk í 57 leikjum með landsliði Íslands í handbolta.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACÍ AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá
BYKO Selfossi

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bólstrun
Jóel FR. Jónsson
s. 893 4656
galleri@simnet.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvik Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is